

Tillögur	Skýring	Tímarammi:	Deild/svið:	Ábyrgðarmaður:	Ath/niðurstaða:
5. ORKUNOTKUN	Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað.	Í undirbúningi hjá EH og BM - febrúar 2020	T&U	Bæjarverkfr./eignasjóður	
49. KAUP Á ÞJÓNUSTU VEGNA SKIPULAGSVINNU OG EFTIRLITS	Lagt er til að gerðir verði samningar um skipulags-, arkitekta- og eftirlitsþjónustu með framkvæmdum sem keypt er í verktöku að undangengnu útboði.	Í undirbúningi hjá EH,GBG Telmu. Útboð og rammasamningar feb. - apríl 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
50. VIÐHALD FASTEIGNA	Lagt er til að gerð verði ítarleg úttekt á viðhaldspörf allra fasteigna hjá bæjarfélaginu. Gerð verði áætlun um kostnað og áætlun til a.m.k. þriggja ára varðandi niðurröðun viðhaldsframkvæmda. Skoðað verði að auka það fjármagn sem varið hefur verið til viðhalds frá því sem verið hefur undanfarin ár.	Samantekt á núverandi áætlunum og gögnum var sett af stað í janúar og ítarleg úttekt er í undirbúningi. Janúar -júní 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
53. VÉLAR, TÆKI OG BIFREIÐAR	Lagt er til að athugað verði hvort til greina koma að selja eða farga sumum af vélum, tækjum og bifreiðum hjá bæjarfélaginu.	Úttekt sett af stað og verður unnin af Sigurði Hafliða, Smára og GBG. Samráð við fjármálastjóra. Feb. - mars 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
54. FJÖLDI STÖÐUGILDA Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ OG GARÐYRKJUDEILD	Lagt er til að skoðað verði í náninni framtíð hvort til greina komi að fækka stöðugildum við þjónustumiðstöð og/eða garðyrkju deild hjá bæjarfélaginu.	Þetta mál er í höndum GBG sem er þegar byrjuð að skoða málið. Jan - júní 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
55. SKIPURIT UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDASVIÐS	Lagt er til að umhverfis- og framkvæmdasvið skiptist í fjórar deildir, þ.e. fasteignir, umhverfi- og framkvæmdir, skipulagsstjóra, byggingarfulltrúa og Samveitur. Hér er lagt til að sérstök deild verði sem fer með fasteignir hjá bæjarfélaginu, viðhald o.s.frv.	Þessi breyting hefur þegar tekið gildi frá 1. jan 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
56. LOSUN Á SORPI HJÁ STOFNUNUM SVEITARFÉLAGSINS	Lagt er til að fram fari nákvæm úttekt á því hvort sorpilát sem eru við stofnanir sveitarfélagsins eru af réttri stærð og losun þeirra sé í samræmi við þörf.	Unnið undir stjórn GBG í Feb - mars 2020	T&U	Bæjarverkfræðingur	
57. TILFALLANDI VERKEFNI Í VERKTÖKU	Lagt er til að reglulega, t.d. í upphafi hvers árs, fari fram útboð þar sem óskað verði eftir tilboðum frá verktökum í tímagjald vegna uppáfallandi verkefna hjá sveitarfélaginu.	Málið er í farvegi hjá GBG með aðkomu Telmu.	T&U	Bæjarverkfræðingur	
58. VIRÐISÁUKASKATTUR	Lagt er til að athugað verði hvort ekki færi betur á því að þjónustumiðstöðin verði hluti af eignasjóði og þjónusta þjónustumiðstöðvar vegna eigna eignasjóðs verði innifalin í leiguverði.	EH verður í samráði við fjármálastjóra. Ótímasett	T&U	Bæjarverkfræðingur	

59. ENDURNÝJUN OG VIÐHALD Á BÚNAÐI Á HJÚKRUNARHEIMILINU ÍSAFOLD	Lagt er til að þess verði gætt að Garðabær kosti ekki meiru til varðandi viðhald og endurnýjun á búnaði á hjúkrunarheimilinu ísafold en bæjarfélaginu ber samkvæmt lögum þar um.	Sett á athugunarlista	T&U	Bæjarverkfræðingur	
18. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGU LEIGUHÚSNÆÐI	Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna annist umsjón með félagslegu leiguhúsnæði eins og öðru húsnæði hjá bæjarfélaginu.	Þessi ráðstöfun hefur þegar tekið gildi frá 1.jan 2020	T&U og Fjöl	Bæjarverkfr/félagsmálastj.	